

Priðjudaginn 3. júní 1958.

Nr. 71/1958. **Bjarni Guðbjartsson**
 gegn
Ræktunarsambandi Suðurdala.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannes-
 son prófessor.

Gallar á málatilbúnaði. Frávísun. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. apríl 1958, er barst dóminum hinn 20. maí s. á. Hann krefst þess, að héraðsdómurinn verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja.

Með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 1.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Bjarni Guðbjartsson, greiði varnaraðilja, Ræktunarsambandi Suðurdala, kærumálskostnað, kr. 1.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. apríl 1958.

Mál þetta höfðaði Bjarni Guðbjartsson vélaviðgerðarmaður, Holtsgötu 41 í Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefni 29. október 1953, gegn Ræktunarsambandi Suðurdala í Dala-sýslu, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 8.800.00 fyrir viðgerð á jarðýtu (eftirstöðvar), eins og segir í stefnu, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1952 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Við þingfestingu málsins hinn 19. nóvember 1953 lagði stefnandi fram stefnu eingöngu og fékk tveggja vikna frest til ritunar greinargerðar. Fékk hann síðan nokkra fresti til viðbótar í sama skyni og í þinghaldi hinn 21. janúar 1954 lagði stefnandi fram greinargerð. Í greinargerðinni lækkaði hann dómkröfu sína í kr. 8.300.00. Í sama þinghaldi lagði hann fram „reikning“, dagsettann 8. janúar 1954. „Reikningur“ þessi er sagður vera:

„Vinna í febr. til júlí 1952 samkv. fylgiskj. lögðum

fram í bæjarþingi Reykjavíkur í nóv. 1953	kr.	21.670.00
Reikningur yfir varahluti	—	1.847.72
Reikningur yfir olíur	—	282.28

Samtals kr. 23.800.00“.

Á „reikningnum“ eru færðar greiðslur til stefnanda, samtals að fjárhæð kr. 15.500.00, og síðan tilfærð skuld kr. 8.300.00. Jafnframt lagði stefnandi fram annan „reikning“, þar sem hann sundurliðar tímafjölda vinnukröfu sinnar eftir mánuðum.

Í greinargerð sinni vísar lögmaður stefnanda um málavöxtu til skýrslu stefnanda (dskj. 16), er lögð var fram um leið og greinargerðin. Í þeirri skýrslu, sem er bréf til lögmannsins, dagsett 8. janúar 1954, segir m. a.: „Reikningur sá, sem ég upphaflega lagði fram, var að upphæð kr. 23.800.00 og sendi ég yður uppkast af honum, eftir því sem ég hyggt hann verið hafa.“

Engin frekari grein er gerð fyrir kröfum stefnanda í greinargerðinni.

Engin fylgiskjöl voru með hinum framlögðu „reikningum“ önnur en afrit kvittana frá stefnanda fyrir móttöku greiðslna frá stefnda.

Jafnframt þessum framangreindum skjölum lagði stefnandi fram í sama þinghaldi afrit af kröfubréfi lögmanns síns til stefnda, dagsett 9. júní 1953, þar sem stefndi er krafinn um greiðslu á kr. 8.800.00 kröfu án frekari skýringa. Einnig svarbréf Gísla Þorsteinssonar f. h. stefnda, dagsett 24. júní s. á., þar sem segir: „Hvergi kemur fram, hvernig krafa þessi er til orðin, en mótteknir reikningar Bjarna Guðbjartssonar yfir viðskipti hans við Ræktunarsamband Suðurdala eru alls endis ófullnægjandi og virðast jafnvel ekki vera allskostar réttir, verður því af ofangreindum ástæðum að neita kröfu yðar, að minnsta kosti fyrst um sinn“. Þá lagði stefnandi og fram afrit af bréfi lögmanns síns, dagsett 16. júlí s. á., þar sem þess er farið á leit, að sendir yrðu reikning-

ar þeir á hendur stefnda, sem í hans vörzlu væru og stefnandi hafði afhent.

Stefndi fékk nú nokkra fresti til ritunar greinargerðar. Í þinghaldi hinn 8. apríl 1954 þingfestir hann gagnsök á hendur aðalstefnanda og krefst greiðslu úr hans hendi á kr. 18.935.65 með 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómars. Gerði gagnstefnandi þá grein fyrir gagnsakarkröfu sinni í stefnunni, að hún væri fjárverðmæti olíuverks, tveggja lyklasetta og olíuspíssa, samtals kr. 9.905.65, er aðalstefnandi hafi eigi skilað gagnstefnanda, svo og bætur að fjárhæð kr. 9.030.00, þar sem gagnstefnandi hafi orðið að leigja jarðýtu fyrir þá fjárhæð, vegna dráttar aðalstefnanda á því að ljúka viðgerð á jarðýtu þeirri, er hann hafði tekið að sér að framkvæma.

Gagnstefnandi lagði fram greinargerð jafnframt gagnstefnunni. Krafðist hann þar sýknu í aðalsökinni og málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda að mati dómars, auk þess sem hann ítrekaði kröfur sínar í gagnstefnunni. Í greinargerð þessari vísaði gagnstefnandi um málavöxtu til þriggja bréfa frá Gísla Þorsteinssyni f. h. gagnstefnanda, dagsett 30. október 1953, 9. janúar 1954 og 20. marz s. á.

Aðalstefnandi hafði nú allmarga fresti til ritunar greinargerðar í gagnsökinni og lagði hann greinargerð sína eigi fram, fyrr en í þinghaldi hinn 19. janúar 1956. Gagnstefnandi hafði þó áður, í þinghaldi 18. nóvember 1954, lagt fram eina skýrslu til viðbótar frá Gísla Þorsteinssyni f. h. gagnstefnanda.

Aðalstefnandi krafðist sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómars. Lögmaður aðalstefnanda afsakaði í greinargerðinni drátt þann, er orðið hafði á framlagningu hennar, er hann kvað stafa af flutningi aðalstefnanda til Aðalvíkur.

Aðiljar höfðu því næst sameiginlega fresti til gagnaöflunar. Engin gögn voru lögð fram, og í þinghaldi hinn 17. maí 1956 var lýst yfir lokinni gagnasöfnun.

Hinn 11. september 1956 var málið að ósk aðilja endurupptekið til frekari öflunar gagna. Gagnstefnandi lagði þá fram m. a. enn eitt bréf frá Gísla Þorsteinssyni, dagsett 19. marz 1956, þar sem hann tekur að mestu leyti til andsvara gegn ýmsum atriðum í greinargerð aðalstefnanda í gagnsökinni. Í þessu sama þinghaldi kom fyrir dóminn aðalstefnandi málsins og gerði nokkra grein fyrir málavöxtum. Í lok þinghalds þessa lýstu aðiljar yfir gagnasöfnun lokið í málinu.

Munnlegur flutningur málsins var síðan ákveðinn hinn 11. apríl 1958. Þá óskaði lögmaður gagnstefnanda eftir tveggja vikna fresti í málinu til þess að fá staðfest fyrir dómi skýrslur og skjöl, sem mótmælt hafði verið sem óstaðfestum. Lögmaður aðalstefnanda mótmælti frestsbeiðni gagnstefnanda á þeim forsendum, að hann hefði þegar haft nægan tíma til að láta staðfestingar þessar fara fram. Var málið tekið til úrskurðar, að því er þetta atriði varðaði.

Þegar það er virt, sem að framan hefur verið rakið, er ljóst, að málatilbúnaði aðilja hafi verið mjög áfátt í ýmsum mikilvægum atriðum og málið allt mjög vanreifað af hálfu beggja aðilja. Þessi meðferð á málinu brýtur svo mjög í bág við ákvæði laga nr. 85/1936, að málinu í heild ber að vísa frá dómi af sjálfsdáðum.

Rétt pykir, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu í heild er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.
